



Selfossi 13. september 2010
KEi/GP/kei/

Fundargerð fulltrúaráðs

86. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn 13. september 2010 kl. 18.30 í slökkvistöð Selfossi

Mætt:

Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eyþórs Arnalds, Eggert Valur Guðmundsson, Ólafur F. Leifsson, Ólafur Örn Ólafsson og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.

(Ragnheiður Hergeirsdóttir tilkynnti forföll þar sem hún væri ekki á svæðinu, Eggert Valur Guðmundsson kom í hennar stað.)

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Kosning tveggja stjórnarmanna BÁ fyrir árin 2010-2014

a) **Kosning varaformans og ritara:**

Tillaga kom fram um að fulltrúi Ölfus tæki sæti varaformanns.

Samþykkt samhljóða að Ólafur Örn Ólafsson verði varaformaður BÁ.

Nokkrar umræður urðu um stöðu ritara, tillaga kom fram að skipta hlutverkinu milli fulltrúa. Tillaga kom fram um að fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps og fulltrúi Bláskógabyggðar tækju sæti ritara.

Samþykkt samhljóða að Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps sæti fyrstu tvö árin, en síðan sæti Kjartan Lársson seinni hluta kjörtímabilsins.

2. Húsnæðismál BÁ

Formaður greindi frá stöðu mála varðandi kaup Sveitarfélagsins Árborgar á húsnæðinu við Árveg 1 Selfossi þar sem fyrirhuguð slökkvistöð hefur verið byggð.

Árborg hefur gert samkomulag við eiganda hússins um kaup með þeim fyrirvara að Brunavarnir Árnæssýslu og Heilbrigðisstofnun Suðurlands gengju frá leigusamningum eins og fyrirhugað var samkvæmt viljayfirlýsingu við fyrri eigendur hússins.

Fram kom að Heilbrigðisstofnun Suðurlands, í samvinnu með Fjármála- og Heilbrigðisráðuneytum hafa nú þegar gengið frá leigusamningi á grundvelli fyrri samnings.

Formaður lagði til að Brunavarnir Árnæssýslu gengju frá samningi á grundvelli þess samnings sem lá fyrir frá 8. desember 2007.

Í þeim samningi er það svæði sem BÁ mun leigja 1.126,4 fermetrar, leigt til 25 ára. Leiguverð er 800 kr. pr. fermetra m.v. neysluvísitölu í apríl 2006.

Samhliða samningi verður gengið frá reglum um skyldur leigusala og leigukaupa.

Fram kom að stærð leigusvæðis hvers leigjanda í húsinu gætu breyst lítillega þar sem ekki er ljóst hverjir munu leigja í húsnæðinu aðrir en BÁ og HSu.

Einnig kom fram hjá slökkviliðsstjóra að til er samkomulag um rými sem BÁ mun koma upp sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi.

Formaður vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.

Umræður urðu um stöðu mála.

Samþykkt að fela varaformanni og slökkviliðsstjóra að ganga frá samningi við framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar um leigu á húsnæðinu m.v. fyrri samning frá 8. desember 2007.

Samhliða þeim samningi yrði gengið frá yfirlýsingu um hugsanlegar breytingar á stærðum leigusvæðis.

3. Önnur mál

a) Fundarmenn lögðu til að fulltrúaráðið og varamenn tækju sér ferð á hendur og skoðuðu vaktsvæði BÁ og þær slökkvistöðvar sem reknar eru á vegum slökkviliðsins. Einnig kom fram áhugi á að skoða slökkvistöðvar þeirra tveggja slökkviliða í Árnessýslu sem ekki eru innan vébanda BÁ.
Slökkviliðsstjóra falið að koma þessari ferð á og finna dag um miðjan október sem gæti hentað flestum.

b) Pétur Pétursson, varaslökkviliðsstjóri mætti á fundinn í lok hans og heilsaði uppá nýtt fulltrúaráð.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 19.15

**Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eyþórs Arnalds,
Eggert Valur Guðmundsson, Ólafur F. Leifsson, Ólafur Örn Ólafsson
Kristján Einarsson**